

## Miðvikudagur 22. febrúar

DV



SJÓNVARPIÐ

- 16.30 Fræðsluvarp. 1. Hvað er inni í tölvunni? (34 mín.). Þýskur þáttur um innri starfsemi tölvu. 2. Alles Gute (15 mín.). Þýskukennsla fyrir byrjendur. 3. Entrée Libre (15 mín.). Frönskukennsla fyrir byrjendur.
- 18.00 Töfragluggi Bomma. Umsjón Arný Jóhannsdóttir.
- 18.50 Tákn málsfréttir.
- 19.00 Poppkorn. Umsjón Stefán Hilmarsson.
- 19.25 Föðurleifó Franks (18) (Franks Place). Bandarískur gamanmyndaflokkur.
- 19.54 Ævintýri Tinna. Krabbinn með gullnu klænar (5).
- 20.00 Fréttir og veður.
- 20.35 Bundinn í báða skó. (Ever Decreasing Circles). Breskur gamanmyndaflokkur með Richard Briers, Penelope Wilton og Peter Egan í aðalhlutverkum.
- 21.05 Græna sorplunna. Mikil umræða hefur átt sér stað hér á landi undanfarið um losun og eyðingu sorps. Í þessari mynd er reynt að sýna fram á þann mikla vanda sem felst í sorpeyðingu og hversu náttúran og andrúmsloftið eru viðkvæm fyrir allri sorpmengun. Myndin var framlag Danska sjónvarpsins til kvikmyndahátíðar á Ítalíu.
- 21.45 Trúnaður (Bizalom). Ungversk kvikmynd frá 1979. Leikstjóri Stvan Szabo. Aðalhlutverk Ildiko Bansagi og Peter Andorai. Myndin gerist síðustu mánuði heimsstyrjaldarinnar síðari í Búdapest. Ung kona er stöðvuð úti á götu og ókunnur maður hvetur hana til að fara í felur vegna ofsóna nasista á hendur manni hennar. Hún fær fólks skilríki sem eigin kona þessa ókunnna manns og neyðist til að leggja allt sitt traust á hana.
- 23.00 Seinni fréttir.
- 23.10 Trúnaður, framhald.
- 23.35 Dagskrárlok



- 15.45 Santa Barbara. Bandarískur framhaldsþáttur.
- 16.30 Smiley. Fátaður drengur gengur í lið með nokkrum piltungum sem snapa sér hvers kyns vinnu. Vinnulaunin ætla hann síðan að nota til þess að kaupa sér reiðhjól. Aðalhlutverk: Colin Petersen, Ralph Richardson, Chips Rafferty og John McCallum.
- 18.05 Dægurvöl. ABC's World Sportsman. Þáttaröð um frægt fólk með spennandi áhugamál.
- 19.19 19:19. Fréttir, veður, íþróttir, menning og listir, fréttaskýringar og umfjöllun. Allt í einum pakka.
- 20.30 Skýjum ofar. Reaching for the Skies. Fræðandi og nýstárlegir bandarískir þættir um sögu flugsins frá upphafi til okkar daga hefja göngu sína í kvöld. Þættirnir verða alls tólf og hefjast með þróun loftbelgsins á 18. öldinni, allt til sigra Wright bræðrana í Kittyhawk og til jómfrúarflugs geimskutunnar Kólumbíu.
- 21.20 Undir tölsku flaggi. Charmer. Lokapáttur. Aðalhlutverk: Nigel Havers, Bernard Hepton, Rosemary Leach og Fiona Fullerton.
- 22.15 Dagdraumar. Yesterday's Dreams. Yfirmaður Martins kemur að máli við Diane í trúnaði en Diane er ósatt við tillögurnar. Lynsey ákveður að yfirgefa Martin. Sjötti þáttur. Aðalhlutverk: Paul Freeman, Judy Loe, Trevor Byfield og Damien Lyne.
- 23.10 Viðskipti. Íslenskur þáttur um viðskipti og efnahagsmál í umsjón Sighvats Blöndahl og Ólafs H. Jónssonar.
- 23.40 Handan brúðudals. Beyond the Valley of the Dolls. „Ljósblá“ mynd eftir hinn þekktu leikstjóra ástarlífsmynda, Russ Meyer. Hér er fylgst með ungu og lausbeisluðu fólki sem lifir og hrærist í heimi rokktonlistarinnar. Aðalhlutverk: Dolly Read, Cynthia Myers og Marcia McBroom. Ekki við hæfi barna.
- 1.25 Dagskrárlok.

Rás 1  
FM 92.4/93.5

- 6.45 Veðurfregni. Bæn, séra Kristinn Ágúst Friðfinnsson flytur.
- 7.00 Fréttir.
- 7.03 í morgunsárið með Óskari Ingólfssyni. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregni kl. 8.15. Lesið úr forustu greinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
- 9.00 Fréttir.

- 9.03 Litli barnatíminn – „Kári litli og Lappi“. Stefán Júlíusson les sögu sína (7). (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
- 9.20 Morgunleikfimi. Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
- 9.30 Íslenskur matur. Kynntar gamlar íslenskar mataruppskriftir sem safnað er í samvinnu við hlustendur og samstarfsnefnd um þessa söfnun. Sigrún Björnsdóttir sér um þáttinn.
- 9.40 Landpósturinn – Frá Austurlandi. Umsjón: Haraldur Bjarnason.
- 10.00 Fréttir. Tilkynningar.
- 10.10 Veðurfregni.
- 10.30 Óskastundin. Helga Þ. Stephensen kynnrir efni sem hlustendur hafa óskað eftir að heyra, bókar-kaffa, smásögur og ljóð. Tekið er við óskum hlustenda á miðvikudögum milli kl. 17.00 og 18.00.
- 11.00 Fréttir.
- 11.03 Samhljómur. Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Einnig útvarpað eftir fréttir á miðnætti.)
- 11.53 Dagskrá.
- 12.00 Fréttayfirlit. Tilkynningar.
- 12.20 Hádegisfréttir.
- 12.45 Veðurfregni. Tilkynningar.
- 13.05 í dagsins önn. Umsjón: Guðrún Frimannsdóttir. (Frá Akureyri)
- 13.35 Miðdegissagan: „Blóðbrúðkaup“ eftir Yann Queffelec. Guðrún Finnbogadóttir þýddi. Þórarinn Eyfjörð les (20.)
- 14.00 Fréttir. Tilkynningar.
- 14.05 Norrænir tónar.
- 14.30 Íslenskir einsöngvarar og kórar.
- 15.00 Fréttir.
- 15.03 Vísindapátturinn. Umsjón: Jón Gunnar Grjetarsson. (Endurtekinn þáttur frá mánuðagskvöldi.)
- 15.45 Þingfréttir.
- 16.00 Fréttir.
- 16.03 Dagbókin. Dagskrá.
- 16.15 Veðurfregni.
- 16.20 Barnaútvarpið – Börn með leiklistaráhuga. Barnaútvarpið heimsækir nokkra skóla þar sem verið er að kenna leiklist. Umsjón: Sigurlaug M. Jónsdóttir.
- 17.00 Fréttir.
- 17.03 Tónlist á síðdegi – Rodrigo og Dohnányi.
- 18.00 Fréttir.
- 18.03 Á vettvangi. Umsjón: Bjarni Sigtryggsson, Guðrún Eyjólfssdóttir og Páll Heiðar Jónsson. Tónlist. Tilkynningar.
- 18.45 Veðurfregni.
- 19.00 Kvöldfréttir.
- 19.30 Tilkynningar.
- 19.32 Kviksjá. Þáttur um menningar-mál. Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
- 20.00 Litli barnatíminn – „Kári litli og Lappi“. Stefán Júlíusson les sögu sína (7). (Endurtekinn frá morgni.)
- 20.15 Tónskáldapeningið í París 1988. Sigurður Einarsson kynnrir verk samtímatónskálda, verk eftir Ognjen Bogdanovic frá Jugooslavíu, Katsumi Oguri frá Japan og Denis Gougeon frá Kanada.
- 21.00 Að taffli. Jón Þ. Þór sér um skákþátt.
- 21.30 Skólavörðan. Umsjón: Ásgeir Friðgeirsson. (Endurtekinn þáttur frá sl. föstudegi úr þáttaröðinni „Í dagsins önn“.)
- 22.00 Fréttir.
- 22.07 Frá alþjóðlega skákmótinu í Reykjavík. Jón Þ. Þór segir frá gangi skáka í áttundu umferð.
- 22.15 Veðurfregni.
- 22.20 Lestur Passíusálma. Guðrún Áegisdóttir les 27. sálm.
- 22.30 Samantekt um snjóflóðahættu. Umsjón: Guðrún Eyjólfssdóttir. (Einnig útvarpað á föstudag kl. 15.03.)
- 23.10 Djassþáttur. – Jón Múli Árnason.
- 24.00 Fréttir.
- 00.10 Samhljómur. Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
- 01.00 Veðurfregni. Næsturúvarp á samtengdum rásum til morguns.



- 01.10 Vökulögin.
- 7.03 Morgunútvarpið. Leifur Hauksson og Ólöf Rún Skúladóttir hefja daginn með hlustendum, spyrja tíðinda víða um land, tala við fólk í fréttum og fjalla um málefni liðandi stundar. Fréttir kl. 8.00, veðurfregni kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
- 9.03 Stúlkan sem bræðir íshjörtun, Eva Ásrún kl. 9. Morgunsyrpa Evi Ásrúnar Albertsdóttur. – Afmælis-keður kl. 10.30.
- 11.03 Stelnumót. Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar á hvassan og gamansaman hátt.
- 12.00 Fréttayfirlit. Auglýsingar.
- 12.15 Heimsbiðin.
- 12.20 Hádegisfréttir.
- 12.45 Umhverfis landið á áttatíu. Margrét Blöndal og Gestur Einar Jónsson leika þrautreynda gull-

- aldartónlist og gefa gaur að smáblómum í mannlífsreitnum.
- 14.05 Milli mála. Óskar Páll á Útklíkki og leikur ný og fin lög. – Útklíkkið upp úr kl. 14 og talað við sjómann vikunnar.
- 16.03 Dagskrá. Dægurmálaútvarp fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ævar Kjartansson og Sigríður Einarssdóttir. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00, hlustendapjónustan kl. 16.45. – Bréf af landsbyggðinni berst hlustendum eftir kl. 17.
- 19.00 Kvöldfréttir.
- 19.32 Íþróttarásin. Umsjón: Íþróttarfréttamenn og Georg Magnússon.
- 22.07 A rólinu með Önnu Björk Birgisdóttur.
- 23.45 Innskot frá Alþjóðlega skákmótinu í Reykjavík. Jón Þ. Þór skýrir skák úr áttundu umferð.
- 01.10 Vökulögin. Tónlist af ýmsu tagi í næsturúvarpi til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregni frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
- 8.07 – 8.30 Svæðisútlit Norðurlands.
- 18.03 – 19.00 Svæðisútlit Norðurlands.



- 7.30 Páll Þorsteinsson. Þægileg morguntónlist sem gott er að vakna við. Fréttir kl. 8 og Potturinn kl. 9.
- 10.00 Valdis Gunnarsdóttir. Góð tónlist með vinnunni. Fréttir kl. 10, 12 og 13. Potturinn kl. 11. Bibba og Halldór koma milli kl. 10 og 11.
- 14.00 Þorsteinn Ásgeirsson. Góð síðdegistónlist. Óskalagasíminn er 61 11 11. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 15 og 17. Bibba og Halldór milli kl. 17 og 18.
- 18.00 Fréttir.
- 18.10 Reykjavík síðdegis – Hvað finnst þér? Steingrímur Ólafsson og Bylgjuhlustendur spjalla saman. Síminn er 61 11 11.
- 19.00 Freymóður T. Sigurðsson.
- 20.00 Bjarni Ólafur Guðmundsson. Tónlistin þín.
- 24.00 Nætur dagskrá Bylgjunnar.



- 7.30 Jón Axel Ólafsson. vaknar hress og vekur hlustendur með skemmtilegri tónlist við allra hæfi, spjallar við hlustendur og tekur þúlsinn á ýmsum málum. Fréttir kl. 08.00 og fréttayfirlit kl. 08.45.
- 10.00 Helgi Rúnar Óskarsson. Þessi ljúfi dagskrárgerðarmaður er mættur aftur til leiks. Helgi spilar að sjálfsgöðu nú sem fyrr öll nýustu lögin og kryddar blönduna hæfilega með gömlum góðum lummum.
- 14.00 Gísli Kristjánsson spilar óskalogin og rabbar við hlustendur. Síminn er 681900.
- 18.00 Róleg tónlist á meðan hlustendur borða í rólegheitum heima, eða heiman.
- 20.00 Sigurður Helgi Hlödversson og Sigursteinn Másson. Þessir tveir bróðrhressu dagskrárgerðarmenn fara á kostum á kvöldin. Óskalagasíminn sem fyrr 681900.
- 24.00 Næstur stjörnur. Ókynnt tónlist úr ýmsum áttum. Fréttir á Stjörnunni kl. 08.00, 10.00, 12.00, 14.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 08.45.

## Hljóðbylgjan

Reykjavík FM 95,7  
Akureyri FM 101,8

- 7.00 Réttum megin fram úr. Ómar Pétursson spjallar við hlustendur í morgunsárið, kemur með fréttir sem koma að gagni og spilar góða tónlist.
- 9.00 Morgungull. Hafdís Eggjól Jónsdóttir á seinni hluta morgunvaktar, spilar tónlist við allra hæfi og segir frá ýmsum merkilegum hlutum. Afmæliskeður og óskalagasímar eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
- 12.00 Ókynnt hádegistónlist.
- 13.00 Perlu og pastaréttir. Snorri Sturluson sér um tónlistina þína og litur m.a. í dagbók og slúður-blöð. Símanúmerin fyrir óskalog og afmæliskeður eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
- 17.00 Síðdegi í lagi. Þáttur fullur af fróðleik og tónlist í umsjá Þrains Brjánssonar. Meðal efnis er Belg-

- urinn, upplýsingapakki og það sem fréttamast þykir hverju sinni.
- 19.00 Ókynnt kvöldmatartónlist.
- 20.00 Axel Axelsson er ykkar maður á miðvikudagskvöldum. Góð tónlist í fyrirrúmi.
- 23.00 Þráinn Brjánsson tekur endaspjettinn. Góð tónlist fyrir svefninn.
- 1.00 Dagskrárlok.



- 10.00 Morgunstud. Guðs orð og bæn.
- 10.30 Alfa með erindi til þín. Margvíslegir tónar sem flytja blessunarrik-an boðskap.
- 20.00 Vinsældavil Alfa. Stjórnandi: Jóhanna Benný Hannesdóttir. (Endurtekið næstkomandi laugardag.)
- 22.00 Í miðri viku. Blandaður tónlistar- og rabbbáttur. Stjórn: Alfons Hannesson. (Endurtekið næstkomandi föstudag.)
- 24.00 Dagskrárlok.



- 10.00 Rótartónlist Guðmundur Smári.
- 13.00 Úr Dauðahafshandritunum. Haraldur Jóhannsson les 10. lestur.
- 13.30 Nýi tíminn. Bahá'ísamfélagið á Íslandi. E.
- 14.00 A manlegu nótunum. Flokkur mannsins. E.
- 15.00 Úr ritverkum Þórbergs Þórðarsonar. Jón frá Pálmholti les.
- 15.30 Kvinnalístin. Þingflokkur Kvinnalístans. E.
- 16.00 Samband sérskóla. E.
- 16.30 Umrót. Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
- 17.00 Í Miðnesheiðni. Samtök herstöðvaandstæðinga. E.
- 18.00 Elds er þör. Umsjón: Vinstri-sósíalistar. Um allt milli himins og jarðar og það sem efst er á baugi hverju sinni.
- 19.00 Ópið. Þáttur laus til umsóknar fyrir þig.
- 19.30 Heima og að heiman. Alþjóðleg umgengnaskipti.
- 20.00 FES. Unglingaþáttur. Umsjón: Nonni og Þorri.
- 21.00 Barnatími.
- 21.30 Úr Dauðahafshandritunum. Haraldur Jóhannsson les 10. lestur. E.
- 22.00 Við og umhverfið. Þáttur í umsjá dagskráráðs um umhverfismál á Útvarpi Rót.
- 22.30 Alþjóðbandalagið.
- 23.00 Samtök græningja. Nýr þáttur. E.
- 23.30 Rótardraugar.
- 24.00 Hausaskak. Þungarokksþáttur í umsjá Guðmundar Hannesar Hannessonar. E. frá mán.
- 2.00 Næturvakt til morguns með Baldri Bragasyri. Fjölbreytt tónlist og svarað í síma 623666.



- 16.00 MR.
- 18.00 MS.
- 20.00 IR.
- 22.00 FB.
- 01.00 Dagskrárlok.



- 18.00–19.00 Í miðri viku. Fréttir af Íþróttafélögum o.fl.
- 19.30–22.00 Útvarpsklúbbur Óldutúnsskóla.
- 22.00–24.00 Útvarpsklúbbur Flensborgarskóla.



- 19.00 Raffost. Jón Heiðar, Siggí og Guðni þungarokka af þekkingu.
- 20.00 Skólubáttur. Umsjón hafa nemendur í Menntaskólanum á Akureyri.
- 21.00 Fregni. 30 mínútna fréttabáttur. Opin umræða ásamt blaðalestri.
- 21.30 Bókmenntaþáttur. Straumar og stefnur í bókmenntum.
- 22.00 Það er nú það. Valur Sæmundsson spjallar við hlustendur og spilar meira og minna.
- 23.00 Leikið af fingrum. Steindórr Gunnlaugsson og Ármann Gylfason leika vandaða blöndu.
- 24.00 Dagskrárlok.



Jón sjálfur Múli Árnason.

Rás 1 kl. 23.10:

## Djassþáttur

Um þessar mundir eru liðin 75 ár síðan William Christopher Handy gaf út á nótum St. Louis Blues. Blúsinn þessi er sennilega einn vinsælasti dans á 20. öld. Má segja að hann hljómi í öllum útvarps- og sjónvarpstöðvum veraldar upp á hvern einasta dag.

A safnadeild Ríkisútvarpsins er St. Louis Blues skráður á 59 spöldum, þar af á tveimur í tugatali með framhaldi á bakhlíð og eru þá ekki meðtaldir St. Louis Blues marsar, búgjar, raggar, sjöfflar, bossanóvur og gott ef ekki valsar.

Auk þess eru allar gömlu St. Louis plötur á 78 snúninga hlemmum í geymslu stofnunarinnar. Margt af þessu er fin djassmúsík og vel þess virði að eyða í hana einum þætti í tilefni af 75 ára afmælinu.

Nær óþarft er að taka fram að umsjónarmaður djassþátta er sveiflutrólið gamla, Jón Múli Árnason sem um áratuga skeið hefur fetað öngstræti djassins með tónlistaráhugamenn sér við hönd.

-Pá

Stöð 2 kl. 23.40:

## Handan Brúðudals


Unnendur ljósblárra ástarlífsmynda komast hér í feitt því endursýnt verður eitt af þrekvirkjum hins þekktu ástarlífsmyndaleikstjóra Russ Meyer. Myndin er framleidd árið 1970 og greinir frá ungu og lausbeisluðu fólki sem lifir og hrærist í heimi rokktonlistarinnar.

Aðalhlutverk eru í höndum hinnar mjúkhölda Dolly Read og sömuleiðis sýna þær Cynthia Myers og Marcia McBroom á sér sínar bestu hlíðar.

Í kvikmyndahandbók Halliwells segir að myndin sé ekki beinlínis klámfengin en tvítræð á marga vegu. Einnig er sagt að myndin marki tímamót að því leyti að með gerð hennar hafi Century Fox lagt lægra en það hafi áður gert.

TV-Guide gefur myndinni 3 stjörnur og segir hana hafa elst mjög vel og sagt að myndin hafi komist á lista yfir 10 bestu kvikmyndir Bandaríkjanna frá 1968–78.

-Pá



Forvitni filsiunginn birtist að vanda í Töfraglugganum.

Sjónvarp kl. 18.00:

## Töfragluggi Bomma

Hann Bommi sefur aldeilis yfir sig í Töfraglugganum og hann dreymir að álfur, sem heitir Elías, kynni allar teiknimyndirnar og við fáum að fylgjast með því. Myndirnar, sem Elías kynnr, eru þessar: Haninn Hans ákveður að fjúga umhverfis jörðina, mamma Forvitna filsiungans fær sér nýjan ísskáp og úr því verður hálfgerð ævintýri.

Hundurinn Rubbi fær sér sekkjapípu, annar þáttur Skvamparanna fjallar um regnleysi í Skvompúbæ og hvaða ráð sé við því, Depill litli fer í sirkus og síðust á dagskránni er svo myndin um Bínu og húsið hennar.

Myndagluggin opnast svo með mörgum fallegum teikningum barna víðs vegar af landinu.

-Pá